

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.


Reykjavík 7. janúar 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um líkanatilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum, mál nr. 42.

Það er álit VM að uppbygging hafnarmannvirka eigi að vera gerð með heildarskipulagi fyrir landið allt. Þar verði raunveruleg þörf fyrir stækkun höfð að leiðarljósi. Eftir hinar miklu breytingar sem hafa átt sér stað í atvinnuþróun, er mjög léleg nýting á mörgum hafnarmannvirkjum víða um land og rekstur þeirra erfiður. Verði hugmyndum um strandsiglingar komið í framkvæmd mun væntanlega ekki nema ein stórskipahöfn verða fyrir allt landið, sem stóru flutningaskipin munu sigla til. Flutningi síðan dreift um landið með þeim skipum sem þjóna eiga strandsiglingunum.

Það er því álit VM að forgangsroðun hafnarmannvirkja verði framkvæmt með heildarskipulagi fyrir landið allt og raunverulegri þörf fyrir framkvæmdinni látin ráða.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna


Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.